

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 960/2016 um gæði eldsneytis.

1. gr.

Við 15. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

20. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1307/2014 frá 8. desember 2014 um skilgreiningu á viðmiðunum og landfræðilegum mörkum graslendis þar sem líffræðileg fjölbreytni er mikil að því er varðar c-lið 3. mgr. 7 gr. b í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB að því er varðar gæði bensíns og díseldsneytis og c-lið 3. mgr. 17. gr. í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum, sem vísað er til í tl. 6d, XVII. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 176/2017, þann 22. september 2017. Ákvörðunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 67 frá 19. október 2017, bls. 164-166.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1307/2014 frá 8. desember 2014 um skilgreiningu á viðmiðunum og landfræðilegum mörkum graslendis þar sem líffræðileg fjölbreytni er mikil að því er varðar c-lið 3. mgr. 7 gr. b í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB að því er varðar gæði bensíns og díseldsneytis og c-lið 3. mgr. 17. gr. í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 13. tölul. 1. mgr. 11. gr. efnalaga nr. 61/2013. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 8. nóvember 2017.

Björt Ólafsdóttir.

Sigríður Auður Arnardóttir.